


Hnoðraholt norður

Seinni áfangi



Fjölbreytt búsetuform

Um háholtið hringast fjölbreytt og vönduð byggð fjölbýlis og sérþýlis með einstöku útsýni. Lögð er áhersla á að íbúar njóti nærliggjandi umhverfis og náttúrugæða með vönduðum almenningsrýmum og góðri tengingu við nærliggjandi svæði.



01

Garðabær býður nú til sölu byggingarrétt í öðrum áfanga í Hnoðraholti norður. Hverfið er í góðri tengingu við nærliggjandi þjónustu og fyrirhugaður leik- og grunnskóli verður staðsettur miðsvæðis í hverfinu.

03

Lögð er áhersla á að íbúar njóti þeirra gæða sem einkenna hverfið með tilliti til náttúru og víðáttumikils útsýnis. Stutt er í alla útivist og fjölbreytta íþróttaiðkun, til að mynda í íþróttahúsinu Miðgarði í Vetrarmýri.

02

Hnoðraholtið er íbúðahverfi með áherslur á fjölbreyttar húsagerðir sem falla vel að núverandi byggð. Hverfið mun taka mið af anda staðar og þeirra umhverfisgæða sem Hnoðraholtið býður upp á til að tryggja lífsgæði íbúa.

04

Hnoðraholtið er einstaklega vel staðsett hverfi þar sem íbúar á öllum aldri geta notið þeirra gæða sem hverfið sjálft og aðliggjandi svæði bjóða upp á. Lögð er áhersla á góðar samgöngutengingar fyrir akandi, hjólandi og gangandi vegfarendur.



Kostir í boði



Einbýlishús

23 lóðir eru skipulagðar fyrir einbýlishús í öðrum áfanga. Gert er ráð fyrir að þau séu ýmist á einni eða tveimur hæðum

Raðhús

43 íbúðir verða á 10 raðhúsalóðum í þessum áfanga. Gert er ráð fyrir að þau séu tveggja hæða.

Fjölbýlishús við Vorbraut

Byggingarréttur fyrir 5 fjölbýlishúsalóðir verður til sölu við Vorbraut í þessum áfanga. Um er að ræða lítil fjölbýlishús á 3-4 hæðum ásamt sérhæðum þar sem lífsgæði eru höfð í öndvegi.


Parhús

Ein parhúsalóð er í boði í þessum seinni áfanga í Hnoðraholti norður. Gert er ráð fyrir að parhúsið sé tveggja hæða.





Nálægð við samgönguæðar



Afar stutt er út á stofnbrautir höfuðborgar-
svæðisins frá Hnoðraholti. Lagt er upp með að
gatna- og göngustígakerfi sé einfalt og
auðlæsilegt þannig að gegnumakstur sé
lágmarkaður og öryggi allra vegfarenda sé tryggt
en umfram allt að fólk geti valið sér heppilegan
samgöngumáta sem er sniðinn að þeirra þörfum.
Megin göngutenging frá Hnoðraholti til
núverandi kjarna í Garðabæ verður um tvenn
núverandi undirgöng undir Reykjanesbraut.





Einstakt aðgengi að náttúru Garðabæjar

Einn mesti kosturinn við búsetu í Hnoðraholti er án efa víðáttumikið útsýni til allra átta og nálægð við gönguleiðir í Heiðmörk.




Frábærar
samgönguæðar

Einstök náttúra

Hnoðraholt norður





GARÐABÆR

